

Kammersveitina Aþenu skipa hljóðfæraleikarar sem flestir eru fastráðnir við Sinfóníuhljómsveit Íslands, hafa æft saman undanfarin ár og leikið á tónleikum við ýmis tækifæri. Þetta er annað starfsár hópsins undir þessu nafni. Kammersveitin Aþena hélt tónleika á Eiðum í fyrravor í samvinnu við heimamenn þar sem meðal annars voru fluttar árstíðir Vivaldi. Í haust fékk bandaríska tónskáldið og jazz-leikarinn Robert Ackermann sveitina til að leika verk sín inn á geisladisk sem hann gefur út. Þá hefur sveitin heimsótt grunnskóla Reykjavíkurborgar.



Kammersveitin Aþena

aðventutónleikar í Neskirkju
sunnudaginn 2. desember 2007 klukkan 17

fiðluleikarar

Hlíf Sigurjónsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Kristín Björg Ragnarsdóttir
María Weiss
Ólöf Þorvarðsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir

víóluleikarar

Guðrún Þórarinsdóttir
Sarah Buckley
Sesselja Halldórsdóttir

sellóleikarar

Júlía Mogensen
Lovísa Fjeldsted

kontrabassaleikari

Þórir Jóhannsson

Efnisskrá

Carlo Ricciotti
1681 – 1756

Concertina II
Largo
Da cappella, non presto
Largo affettuoso
Allegro

Antonio Vivaldi
1678 – 1741

Concerto Grosso op. 3 nr. 8
Allegro
Larghetto e spiritoso
Allegro
*Einleikarar Hlín Erlendsdóttir
og Kristín Björg Ragnarsdóttir*

Gioachino Rossini
1792 – 1868

Strengjasónata nr. 2
Allegro
Andantino
Allegro

Arcangelo Corelli
1653 – 1713

Concerto Grosso VIII op. 6 nr. 8 - *Jóla*koncertinn
Vivace-Grave. Arcate, sostenuto e come stà
Allegro
Adagio-Allegro-Adagio
Vivace
Allegro
Largo. Pastorale ad libitum

Guðrún Þórarinsdóttir lauk burtfararprófi á víólu við Tónlistarskólann á Akureyri 1981 og nam síðan við Tónlistarskólann í Reykjavík. Þaðan útskrifaðist hún sem fiðlukkennari 1983 og lauk einleikarprófi á víólu ári síðar. Hún stundaði framhaldsnám við Tónlistarskólann í Aachen í Þýskalandi og kenndi einnig á fiðlu og víólu við Musikschule der Stadt Bonn. Guðrún hefur leikið með hljómsveitum og kammersveitum erlendis og á Íslandi. Hún kenndi við Tónlistarskólann á Akureyri 1987-1997 og hefur spilað með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands frá stofnun hennar. Hún er nú fastráðin við Sinfóníuhljómsveit Íslands og kennir við Tónlistarskóla Kópavogs.

Hlíf Sigurjónsdóttir fiðluleikari stundaði framhaldsnám við Háskólana í Indiana og Toronto og Listaskólann í Banff í Kanada og sótti síðar tíma til Gerald Beal fiðluleikara í New York borg. Á námsárum sínum kynntist hún og vann með mörgum merkustu tónlistarmönnum tuttugustu aldarinnar, þar á meðal William Primrose, Zoltan Szekely, György Sebök, Rucchio Ricci og Igor Oistrach. Hún hefur haldið fjölda einleikstónleika og leikið með sinfóníuhljómsveitum, kammersveitum og minni hópum í Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada. Hlíf kennir einkanemum í New York borg og í Reykjavík.

Hlín Erlendsdóttir lauk burtfarar- og kennaraprófi í fiðluleik frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1994 og fór til framhaldsnáms við Musikhochschule Freiburg í Þýskalandi og lauk diplom prófi árið 2001. Aðalkennarar hennar voru Nicolas Chumachenco, Hanzheins Schneeberger og Magdalena Rezler. Hún hefur tekið þátt í fjölda námskeiða og starfað með ýmsum hljómsveitum og kammerhópum bæði í Evrópu og á Íslandi. Hlín kennir við Tónlistarskólann í Hafnarfirði og er lausráðin fiðluleikari við Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Júlía Mogensen er fædd í Reykjavík 1985. Hún stundaði nám hjá Gunnari Kvaran, fyrst við Tónlistarskólann í Reykjavík og síðar við Listaháskóla Íslands. Þaðan lauk hún prófi 2006 og fór þá til framhaldsnáms hjá Oleg Kogan við Guildhall School of Music & Drama í London.

Kristín Björg Ragnarsdóttir fiðluleikari lauk námi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1999. Þá fluttist hún til New York og hóf nám hjá Gerald Beal fiðluleikara og síðar hjá Masao Kawasaki við Brooklyn College, City University of New York og lauk þaðan meistaraþrófi í fiðluleik árið 2004. Kristín hefur einnig í gegnum tíðina sótt einkatíma hjá Hlíf Sigurjónsdóttur. Hún hefur tekið þátt í tónlistarhátíðum og hlotið styrki víða í Evrópu og Bandaríkjunum, m.a. frá hinu virta Aspen Music Festival í Colorado. Haustið 2004 flutti hún til Belgíu og lék með ýmsum hljómsveitum þar, m.a. De Filharmonie, Antwerpen og Vlaams Radio Orkest. Frá hausti 2005 hefur Kristín starfað sem fiðlukkennari við Tónlistarskóla Garðabæjar og er lausráðin við Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Lovísa Fjeldsted sellóleikari lauk einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1977. Hún stundaði framhaldsnám í Bandaríkjunum og lauk MA gráðu frá University of Hartford. Lovísa hefur verið fastráðin hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands frá árinu 1988 og kennir einnig við Tónlistarskólann í Reykjavík og Tónlistarskóla Seltjarnarness.

María Weiss fiðluleikari fæddist í Þýskalandi. Hún starfaði þar í ýmsum kammerhópum og í Nürnberger Symphoniker áður en hún flutti til Íslands árið 1991. Hún hefur leikið reglulega með Sinfóníuhljómsveit Íslands og kennir í dag við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar og Tónlistarskóla Árnesinga.

Ólöf Þorvarðsdóttir lauk burtfararprófi í fiðluleik frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1986, BM prófi 1989 og MM prófi árið 1991 frá New England Conservatory of Music í Boston undir handleiðslu Masuko Ushioda og Michel Auclair. Hún var fiðluleikari í Deborah Abel Dance Company í Cambridge og einnig með Playback Theatre í Emerson College í Boston. Ólöf er fastráðin við Sinfóníuhljómsveit Íslands og hefur einnig kennt við Tónlistarskóla Garðabæjar og Tónskóla Eddu Borgar. Ólöf hefur MA-próf í alhliða listáæðingum og löggildingu sem sem alhliða listáæðing. Í Boston kenndi hún börnum tónlist og dans, vann sem listáæðing á geðsjúkrahúsi og á meðferðastofnun fyrir fullorðna.

Sarah Buckley víóluleikari stundaði nám við háskólann í Manchester og lauk þaðan BMus gráðu. Auk víólunáms nam hún fiðlu-, píanó- og óbóluleik. Að loknu námi í Manchester hlaut hún styrk til framhaldsnáms við Royal Academy of Music í London. Þá réðst hún tímabundið til Sinfóníuhljómsveitar Íslands, en fór síðan aftur til Englands og vann sem víóluleikari í lausamennsku með ýmsum hljómsveitum í London og víðar. Hún hefur verið fastráðin við Sinfóníuhljómsveit Íslands síðan 1992 og auk þess spilað með minni hópum, t.d. Kammersveit Reykjavíkur. Hún kennir einnig á víólu við Suzukitónlistarskólann í Reykjavík.

Að loknu námi við Tónlistarskólann í Reykjavík stundaði **Sesselja Halldórsdóttir** framhaldsnám í víóluleik hjá Klaus Assmann við Staatliche Hochschule für Musik, Heidelberg-Mannheim og lék þau ár í Staatliches Orchester Heidelberg. Sesselja hefur verið fastráðin í Sinfóníuhljómsveit Íslands frá árinu 1976 að undanskildu starfsárinu 1980-81, en þá var hún við framhaldsnám í Berlín hjá víóluleikaranum Wolfram Christ. Hún hefur leikið með mörgum kammerhópum, m.a. Kammersveit Reykjavíkur og Hljómsveit Íslensku óperunnar. Sesselja hefur lokið háskólaprófi í þýsku, almennri bókasafnsfræði og einnig tónlistarbókasafnsfræðum. Hún hefur verið forstöðumaður Bókasafns Tónlistarskólans í Reykjavík og nótnavörður Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Sigurlaug Eðvaldsdóttir nam fiðluleik við Tónlistarskólann í Reykjavík undir handleiðslu Guðnýjar Guðmundsdóttur og útskrifaðist þaðan árið 1983. Framhaldsnám stundaði hún í Manhattan School of Music í New York hjá Ani Kavafian. Eftir námið starfaði hún í 5 ár við sinfóníuhljómsveit í Mexíkó. Frá haustinu 1994 hefur Sigurlaug starfað í Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hún er meðlimur í ýmsum tónlistarhópum eins og Kammersveit Reykjavíkur og Cammerarcica. Sigurlaug spilar einnig reglulega á vegum Kammermúsíkkúbbsins og í Íslensku óperunni.

Þórir Jóhannsson lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík og síðar Postgraduate Diploma frá the Royal Northern College of Music í Manchester. Hann spilaði með Sinfóníuhljómsveit Íslands í tvö ár, en fluttist þá til Danmerkur þar sem hann bjó í rúm fjögur ár. Þar vann hann við kennslu og var lausráðinn við nokkrar helstu hljómsveitir beggja vegna Eyrasunds. Þórir flutti aftur til Íslands Haustið 2000 og er nú fastráðinn við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann er kennari í Tónlistarskóla Kópavogs og er virkur í kammertónlistarlífi Reykjavíkur. Hann hefur frumflutt tvö einleiksverk sem voru samín sérstaklega fyrir hann, „Gradus ad Profundum“ eftir Karólínu Eiríksdóttur og „Bagatelle“ eftir Óliver Kentish.